

## Margrét Ólafsdóttir Håkansson (1917-2002)

2020/29

Margrét fæddist 26. maí 1917 á Krossum, Árskógarströnd, hún lést 29. mars 2002 á hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík. Faðir hennar var Ólafur Magnús Þorsteinsson f. 29. janúar 1884, d. 19. september 1937, kennari og bóndi á Krossum.

Móðir hennar var Ásta Sigurlaug Þorvaldsdóttir f. 27. september 1876, d. 11. apríl 1963. Hún átti fjögur systkini tvær systur og tvo bræður sem hún lifði öll.

Margrét var gift Vilhelm Håkansson f. 23. mars 1913, d. 6. maí 2007, málarameistara. Þau gengu í hjónaband 27. desember 1947 og áttu þrjú börn, tvo syni og eina dóttur og fjögur barnabörn.

Margrét ólst upp hjá foreldrum sínum á Krossum. Árið 1937 lést faðir Margrétar en móðir hennar hélt áfram að búa á Krossum með hjálp frá Jóhanni, bróður Margrétar, í eitt eða tvö ár. Um 1940 fluttist Margrét til Akureyrar ásamt móður sinni og settust þær þar að með Sigurjóni, hinum bróður Margrétar. Árið 1943 fluttist hún til Reykjavíkur til að ljúka þar námi í kjólsaumi og þar kynntist hún einnig manni sínum honum Vilhelm.

Margrét lauk sveinsprófi í fatasaum og starfaði alla ævi við saumaskap. Lengst af vann hún á saumastofunni Skinfaxa, seinna kölluð Líbra, eða frá 1963-1987.

Margrét var ásamt fleirum einn af stofnfélögum Styrktarfélags vangefinna, stofnað 23. mars 1958 og vann ötullega að öllu sem að félaginu laut svo lengi sem heilsa og aldur leyfðu.

Margrét hafði fallega söngrodd og hafði mikinn áhuga á tónlist, sérstaklega söng. Hún söng í kirkjukór Akureyrar þegar hún bjó þar en hafði lítinn tíma til að sinna þessu áhugamáli seinna meir.

Afhendingin barst frá Sigríði Ísafold Håkansson dóttur Margrétar, þetta er fyrsta afhendingin sem safninu berst frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

29. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

2020 / 29

**A-Margrét Ólafsdóttir Håkansson****A-Margrét Ólafsdóttir Håkansson****1947 - 1947**

A 1 1 1947 - 1947

Sálmaskrá vegna jarðarfara þeirra er létust í flugslysinu í Héðinsfirði 29. maí 1947 og jarðsettir voru frá Akureyrarkirkju 6. júní 1947.